

2.fundur Landbúnaðarnefndar Hrunamannahrepps

Annar fundur landbúnaðarnefndar var haldinn 15.júlí 2018 klukkan 21:00. Engin formleg dagskrá lá fyrir fundinn en ýmis mál voru rædd.

Nefndarmenn voru allir mættir: Björgvin Ólafsson, Jóhanna Bríet Helgadóttir og Benedikt Kristinn Ólafsson.

1. Afrétturinn:

- a. Vegurinn var alls ekki nógu góður í byrjun júlí þegar byrjað var að keyra fé á afréttinn. Við teljum að það þurfi að vera búið að laga veginn fyrir mánaðarmótin júní/júlí.
- b. Girðing: Egill Jóhannsson sá um að lagfæra afréttagirðinguna þetta árið. Það tók 5 daga að gera við hana. Það tókst mjög vel til hjá honum og þökkum við honum fyrir það.

2. Fjallferð:

- a. Það þarf að fara yfir gerði og fleira á afréttinum sem sauðfjárþændur verða að hjálpast að við.
- b. Fjallskilafundur. Leggjum til að öllum sauðfjárþændum og smölum þeirra verði boðið á fjallskilafund, ekki einungis sauðfjárþændum.
- c. Fjallkóngur. Verið er að vinna í að finna nýjan fjallkóng.
- d. Brynningarmál. Skoða hvernig hægt sé að útfæra vatnsmál í gerðum.
- e. Trússar. Kom upp athugasemd um að trússar og smalar ættu að vera jafnir. Fækka þannig leitinni hjá trússum úr 1,5 í 1 eins og hjá smölum. Ekki allir nefndarmenn sammála og því ákveðið að leita upplýsinga hvernig þetta væri hjá nágrannasveitarfélögunum.

Mínum þændur og aðra landbúnaðarsinna á að við tökum glöð á móti öllum ábendingum og athugasemdum.

Fundi slitið 22:30